

**Mál nr. 70/2014**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v. bifreiðarinnar A og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v. bifreiðarinnar B.**

**Ekið á kyrrstæða bifreið sem varð bensínlaus á Kringlumýrarbraut í Reykjavík 29.12.2013**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið þ. 7.3.2014 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V-1 dags. 19.3.2014.
3. Bréf V-2 dags. 20.3.2014 ásamt fylgiskjölum 1-2.

**Málsatvik.**

Árekstur varð á Kringlumýrarbraut skammt frá Bústaðabru. A var ekið norður Kringlumýrarbraut á hægri akrein þegar A varð bensínlaus. Ökumaður A segist hafa sett viðvörðunarljós á og verið að hringja eftir aðstoð þegar ekið var aftan á A eftir að bifreiðin hefði verið stöðvuð í 2-3 mínútur fyrir áreksturinn. Ökumaður B ók norður Kringlumýrarbraut eftir hægri akrein og áttaði sig ekki á því að A var kyrrstæð fyrr en of seint. Ökumaður B segir að engin viðvörðunarljós hafi logað á A og hafi hún litið niður til að skipta um gír og þegar hún leit upp aftur hafi hún séð A með viðvörðunarljósin á en þá hafi hún ekki getað komið í veg fyrir árekstur.

**Álit.**

Ökumaður A ber sök á árekstrinum vegna þess að A varð bensínlaus í akstri sbr. 59. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumanni og umráðamanni gætti þess ekki að A væri þannig búin að A skapaði ekki hættu eða óþægindi fyrir aðra vegfarendur. Lagt er til grundvallar að ökumanni A hafi mátt vera ljóst að bifreiðin gæti orðið bensínlaus í akstrinum í umrætt sinn. Ökumaður A gerði þó viðeigandi varúðarráðstafanir strax og A stöðvaðist. Ökumaður B gætti ekki nægjanlega að umferð fyrir framan sig sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga og ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu telst eðlilegt að hvor ökumaður beri helming sakar.

**Niðurstaða.**

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 8.4.2014.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.